

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða deiliskipulagsbreytingar:

1. *Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða, Hvítárbraut 53 og 53a, í landi Vaðness í Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir tveimur 6.950 m² frístundahúsalóðum, Hvítárbraut 53 og 53a og er önnur lóðin þegar byggð. Heimilt verður að reisa allt að 250 m² frístundahús og allt að 25 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.
2. *Deiliskipulag tveggja íbúðarhúsalóða í landi Miðengis í Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir tveimur 1.024 m² íbúðarhúsalóðum þar sem heimilt verður að byggja allt að 280 m² einnar hæðar íbúðarhús. Aðkoma að svæðinu er frá Miðengisvegi og Bústjórabraut.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.
3. *Breyting á deiliskipulagi sumarhúsabyggðar í landi Norðurkots í Grímsnesi. Skilmálabreytingar.*
Gert ráð fyrir að hámarksstærð sumarhúsa verði 200 m² í stað 120 m² auk þess sem heimilt verður að reisa allt að 25 m² aukahús. Kvöð um að húsin skuli byggð úr timbri er felld niður og efnisval gefið frjálst. Breytingin varðar um 400 lóðir.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.
4. *Breyting á deiliskipulagi sumarhúsalóða Ormsstaða í Grímsnesi. Skilmálabreytingar.*
Gert ráð fyrir að hámarksstærð húsa verði 150 m² í stað 100 m² og að heimilt verði að byggja aukahús allt að 25 m² í stað 10-15 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. ágúst 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.